

2025-09-14

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

Tillaga um endurgreiðsluhlutfall árið 2026 vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Samþykktir sjóðsins innihalda ákvæði um skyldu aðildarstofnana til endurgreiðslu á hluta lífeyris. Ákvæðið er nú svohljóðandi :

“35.3. Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu greiða viðbótariðgjöld mánaðarlega sem er tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

35.4. Hlutfallstala viðbótariðgjalds skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður hlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingasterðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að viðbótariðgjaldið ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað hlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.”

Aflað var upplýsinga úr ársreikningum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akraneskaupstaðar frá 1957-2013 og Brúar lífeyrissjóðs árin 2013-2021 um greiðslu iðgjalda, lífeyris og kostnaðar og nauðsynlegt viðbótariðgjald reiknað miðað við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar sem gerð var miðað við lok ársins 2021. Var niðurstaðan að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum reiknist nauðsynlegt viðbótariðgjald samkvæmt þessu ákvæði 67%. Með breytingu á samþykktum er endurgreiðsluhlutfall lífeyris nú skilgreint sem viðbótariðgjald. Hlutfallið var óbreytt frá 2022-2025 enda voru forsendur útreikninga óbreyttir.

Seint á árinu 2024 var forsendum útreikninga á skuldbindingum breytt lítillega, með auglýsingu fjármálaráðuneytis á nýjum staðalforsendum fyrir tryggingafræðilegar athuganir hvað varðar örorkulíkur, barneignalíkur, giftingarlíkur og meðalaldur maka. Þessar nýju forsendur hækkuðu mat skuldbindinga lítillega, en áhrif á reiknað viðbótariðgjald eru óveruleg.

Fjármálaráðuneyti hefur ekki enn auglýst breytingar á forsendum við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða miðað við lok árs 2025. Að óbreyttu er því gerð tillaga um sama viðbótariðgjald árið 2026 og gilt hefur undanfarin ár, eða **67%**. Tillagan er miðuð við óbreytt ákvæði samþykktu um viðbótariðgjald, en Akraneskaupstaður hefur sett fram óskir um að ákvæði samþykktu þar um verði breytt.

Virðingarfyllt,

Bjarni Guðmundsson